

**11. fundur Öldungaráðs
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 13. nóvember
2019 og hófst hann kl. 14:30.**

Fundinn sátu:

Sigrún Camilla Halldórsdóttir aðalmaður, Guðný Sigríður Þórðardóttir aðalmaður, Halla S Sigurðardóttir aðalmaður, Smári Haraldsson aðalmaður, Guðbjartur Bergur Torfason aðalmaður, Grétar Þórðarson aðalmaður, Auður Helga Ólafsdóttir aðalmaður, Magnús Reynir Guðmundsson aðalmaður, Guðmundur Björn Hagalínsson aðalmaður og .

Embættismenn:

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Fundargerð ritaði: Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Dagskrá:

1. Kynning á stöðu lýðheilsamála - 2019020012

Mættar til fundar við öldungaráð þær Stefanía Ásmundsdóttir, Guðríður Sigurðardóttir og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir en þær eru í starfshópi um lýðheilsumál í Ísafjarðarbæ.

Rætt um lýðheilsumál í sveitarfélaginu, m.a. þjónustu við eldri borgara. Rætt um Janus-heilsuefningu og mögulegan kostnað af þátttöku í slíku verkefni. Sigríður Lára segir að HSV geti vel komið að svona verkefni, þar sé mannauður til staðar sem vel geti boðið upp á og haldið utan um slíka þjónustu. Öldungaráð tekur vel í þessa tillögu og leggur til að þessari þjónustu verði komið á í samvinnu aðila í sveitarfélaginu. Rætt um nauðsyn þess að náð verði til allra sem væri hægt að bjóða aðild. Vel þyrfti að kynna svona verkefni og fá aðila sem gæti haldið utan um verkefnið. Magnús Reynir segir ekki koma til greina að kaupa slíkt verkefni af Janusi-heilsuefningu með ærnum tilkostnaði þegar næg þekking er í heimahéraði til þess að stýra heilsuefningu verkefni. Formaður hvetur starfshópin sem sinnir heilsuefningu samfélagi að halda áfram með verkefnið og kostnaðargreina það. Guðríður spyr hvort öldungaráð hafi fleiri hugmyndir um heilsuefningu úrræði fyrir eldri borgara. Jafnframt rætt um að það þurfi að nálgast alla, sextíu ára og eldri, í sveitarfélaginu.

2. Greiðslur fyrir setu í öldungaráði - 2019020012

Lagt fram bréf frá Ísafjarðarbæ dags. 20. maí 2019 þar sem ósk um greiðslur fyrir setu í öldungaráði er hafnað.

Öldungaráð harmar afstöðu Ísafjarðarbæjar til erindisins og bendir á að meirihluti sveitarfélaga á Íslandi greiðir fulltrúum fyrir setu í öldungaráði. Öldungaráð ítrekar beiðni sína um greiðslur fyrir setu í ráðinu, líkt og aðrar nefndir fá, og vísar í bréf sitt til bæjarráðs dags. 14. maí 2019. Hér á jafnræðisregla að gilda og telur ráðið að túlkun Sambands Íslenskra sveitarfélaga um að öldungaráðin séu

samráðsvettvangur eigi ekki lengur við eftir að breyting varð á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, 6. gr., að öldungaráð eru nú skipuð samkvæmt lögum.

3. Breytingar í þjónustu við aldraða - 2019020012

Kynntar tillögur að breytingum í þjónustu við aldraða.

Sviðsstjóri velferðarsviðs kynnti tillögur um breytingar í öldrunarþjónustu. Magnús Reynir kallar eftir samantekt um þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:05

Sigrún Camilla Halldórsdóttir

Guðný Sigríður Þórðardóttir

Halla S Sigurðardóttir

Smári Haraldsson

Guðbjartur Bergur Torfason

Grétar Þórðarson

Auður Helga Ólafsdóttir

Magnús Reynir Guðmundsson

Guðmundur Björn Hagalínsson

Margrét Geirsdóttir
